

9. Stjórnarfundur FENÚR,

haldinn 22. september 1999 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf. Knarrarvogi, kl. 16:00

Mættir: Gunnar Bragason, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Jóhannes Pálsson, Magnús Stephensen og Ásmundur Reykdal

Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

ISWA.

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra ISWA, þar sem aðild FENÚR að samtökunum fyrir næsta ár er staðfest.

Fenúr ráðstefna 6. september.

Fjallað var um FENÚR ráðstefnuna, sem haldin var á Grand Hótel 6. september sl. menn voru sammála um að vel hafi tekist til og félagsmenn FENÚR hafi lýst ánægju sinni með framtakið. Á.R. beðinn að taka saman punkta frá fundinum og senda ásamt þeim gögnum, sem til eru til félagsmanna.

Heimasíðugerð.

J.P. og Gyða munu vinna saman að frumgerð heimasíðunnar, Jóhannes, sem ráðgjafi og komi síðunni í það horf, að stjórnarmenn og hópstjórar geti komið að því starfi eftir því sem efni standa til.

Félagsmenn/skrár.

Á.R. Skrár yfir félagsmenn FENÚR og starfshópa, þar sem upplýsingar um síma, fax og e-mail koma fram, eru óðum að verða tilbúnar. Halla Eiríksdóttir hjá SORPU hefur haldið utan um þessa vinnu. Þegar skrárnar eru fullgerðar verða þær sendar félagsmönnum.

Bréfefni/umslög.

Á.R. falið að sjá um að láta prenta lógó FENÚR á bréfefni og umslög.

Fundir starfshópa.

G.B./Á.R. greindu frá fundum starfshópa um úrgangsminnkun og spilliefni, sem var slegið saman að lokinni ráðstefnunni með DNR. Fundurinn var haldinn á skrifstofu SORPU og megin tilgangurinn að koma starfshópavinnunni af stað. Reifaðar voru hugmyndir um að hóparnir veldu, hver fyrir sig, “aðgerða nefndir” sem ásamt hópstjóra leiddi vinnu þeirra. Fram kom að leggja þyrfti áherslu á sjálfstæði starfshópanna.

Umsagnir.../tími

J.P. greindi frá bréfi sem honum barst frá Umhverfisráðuneytinu, þar sem óskað var umsagnar um urðunartilskipun Evrópusambandsins. Bréfið barst örfáum dögum áður en umsagnarfrestur rann út og tími til umfjöllunar nánast enginn. Á.R. sagði sömu reynslu

varðandi þetta mál og fleiri svipuð frá SORPU. Stjórnarmenn sammála um að gera athugasemdir við vinnubrögð af þessu tagi. Formaður, M.St. tekur að sér að semja bréf til Umhverfisráðuneytisins þar að lútandi.

Um starf starfshópa.

Til að koma vinnu starfshópanna í gang munu stjórnarmenn leggja fram á næsta stjórnarfundum hugmyndir um helst málefni, sem ástæða er til að fjalla og álykta um. Stjórn samþykkir að Guðjón Guðmundsson verði hópstjóri Sorpbrennslu hópsins.

Umsóknareyðublöð.

Á.R. falið að sjá um að umsóknareyðublöð um aðild að FENÚR séu útbúin og þau séu aðgengileg t.d. hjá Rögnu Halldórsdóttur, SORPU.

Næsti fundur verður haldinn 6. október kl. 15:30 á skrifstofu Endurvinnslunnar hf.

Fundi slitið kl. 17:15

Á.R.